

# UMF TINDASTÓLL

## Stofnað 1907



Ársskýrsla 2008

## LÖG UNGMENNAFÉLAGSINS TINDASTÓLS

### 1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrni í bláum og rauðum grunni

### 2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.  
Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.  
Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.  
Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.  
Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.  
Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndum og fegrun móðurmáls.

### 3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annari félagsmálustarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

### 4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar. Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

### 5. grein. Félagsgjöld.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

### 6. grein. Deildir :

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar. Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda. Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

## 7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn ; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

## 8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

## 9. grein. Félagsfundir :

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

## 10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

## 11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

## 12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

## 13. grein. Formannafundur :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annara tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

## 14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt sköl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

## 15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

## 16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðurfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

## 17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

## 18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. Apríl 2002.

## **Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2008**

Lagt fram á aðalfundi félagsins 26. febrúar 2009.

### **Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 21. febrúar 2008:**

Gunnar Þór Gestsson, formaður  
Magnús Helgason, varaformaður  
Kristjana Jónsdóttir, ritari  
Elínborg Svavarsdóttir, gjaldkeri  
Rúna Birna Finnsdóttir, meðstjórnandi

### **Varamenn í stjórn:**

Jakob Frímann Þorsteinsson  
Ísak Sigurjón Einarsson  
Ómar Bragi Stefánsson

### **Skoðunarmenn reikninga:**

Hjörtur Geirmundsson  
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, [www.tindastoll.is](http://www.tindastoll.is). Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Bókaðir stjórnarfundir á liðnu starfsári voru 12. Auk þetta hafa stjórnarmenn haft töluverð samskipti á rafrænu vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu.

### **Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru**

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík  
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35 á Sauðárkróki  
Stefán Guðmundsson, Sauðármýri 3 á Sauðárkróki  
Stefán Pedersen, Smáragrund 15 á Sauðárkróki

## Skýrsla aðalstjórnar

Eitt hundraðasta og fyrsta starfsár félagsins var með nokkuð hefðbundnu sniði. Félagið rekur fimm deildir; knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild, skíðadeild og frjálsíþróttadeild.

Töluvert umrót var í þjóðfélaginu á síðustu mánuðum ársins 2008. Þetta umrót hefur haft töluverð áhrif á félagið, strax höfum við orðið fyrir niðurskurði í styrkjum. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur ákveðið að draga nánast ekkert úr framlagi sínu til íþróttamála og ber að þakka þeim sérstaklega fyrir það. Einnig var stigið stórt skref með ráðningu íþróttafulltrúa sveitarfélagsins núna um síðustu áramót. Stjórnir Tindastóls hafa kynnt fyrir íþróttafulltrúa áherslur sínar og vonast til að eiga við hann farsælt samstarf á næstu misserum og árum.

Stigið var stórt skref til einföldunar á starfsumhverfi stjórna félagsins. Tengill ehf. styrkir félagið með aðgangi að fullkomnum hugbúnaði til skráningar og geymslu á gögnum félagsins ásamt öllum tölvupóstssamskiptum. Félagið getur núna safnað upplýsingum og samskiptasögu á einn stað þar sem allir stjórnarmenn og stjórnir framtíðarinnar geta nálgast upplýsingar um starf félagsins. Markmiðið er að kljúfa alveg frá notkun persónulegra eða vinnutengdra netfanga stjórnarmanna og tryggja að saga félagsins verði aðgengileg á miðlægum stað í framtíðinni. Félagið fékk einnig aðgang að bókhaldskerfi sveitarfélagsins úr þessu umhverfi og eru gjaldkerar félagsins að undirbúa og byrja á samræmdu bókhaldi deildanna á miðlægu svæði.

Knattspyrnudeildin sendi flokka á öll Íslandsmót þar sem keppendur stóðu sig með stakri þryði. Meistaraflokkur kepptu sem nýliðar í annarri deild og héldu sæti sínu þar nokkuð örugglega. Króksmót og Landsbankamót voru haldin af fagmennsku og hátt í tvö þúsund keppendur tóku þátt í þessum tveimur mótum. Eftirminnilegast var þó árangur þriðja flokks drengja sem í samvinnu við Hvöt á Blönduósi myndaði alveg magnað lið. Drengirnir tóku þátt í alþjóðlegu mótí í Danmörk og urðu þar í öðru sæti, töpuðu úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn en unnu Vísa bikarkeppni KSÍ.

Körfuknattleiksdeildin lauk sínu fyrsta starfsári með sérstakt unglingaráð. Rekstur meistaraflokks og yngri flokka var aðskilin og mikið og gott starf unnið af stjórn unglingaráðsins. Undir forystu þeirra varð deildin viðurkennd á síðasta ársþingi UMSS sem „Fyrirmyndardeild ÍSÍ“. Markmið meistaraflokks að halda sæti sínu í efstu deild gekk eftir með stuðningi aðkeyþra leikmanna. Ljóst var í lok ársins 2008 að lið í úrvalsdeild yrðu að mestu skipuð íslenskum leikmönnum. Lið Tindastóls er núna nær eingöngu byggt á „heimamönnum“.

Starfssemi sunddeildarinnar hefur nær tvöfaldast að umfangi núna síðustu mánuði. Í lok ágúst var ráðinn reyndur þjálfari og sem samstilltu átaki stjórnar og þjálfara hefur mikið jákvætt gerst í haust og í vetur. Sunddeildin hefur núna í fyrsta skiptið boðið upp á sundkennslu fyrir nemendur í yngstu bekkjum grunnskóla með góðum árangri. Framfarir íþróttafólksins hafa verið töluverðar og sundfólk bjartsýnt á framtíðina.

Skíðadeildin lauk á síðasta ári uppsetningu snjóframleiðslukerfis í Tindastóli. Skíðasvæðið var opið langt fram eftir vori og hefur verið opið síðan um miðjan október. Uppbygging á starfssemi deildarinnar eru í fullum gangi og æfingar orðnar reglulegar. Við eigum von á afreksfólki úr röðum skíðadeildar Tindastóls á næstu árum.

Frjálsíþróttadeildin hefur starfað í góðu samstarfi við UMSS. Hugmyndir um að gera sérstakt Frjálsíþróttafélag Skagafjarðar voru lagðar til hliðar og öllum Skagfirðingum boðið til æfinga hjá deildinni. Deildin átti keppendur á heimsleikum unglunga í sumar þar sem Íslandsmet féllu. Mikið mun reyna á starfssemi deildarinnar næstkomandi sumar á Unglingalandsmóti hér á Sauðárkróki.

Ungmennafélagið Tindastóll er fyrst og fremst félag sem hugsar um unglingastarf. Við viljum sinna okkar hlutverki í félagsstörfum og forvarnarstörfum unga fólksins. Félagið hefur boðið velkomna alla Skagfirðinga á æfingar þrátt fyrir að félagið starfi á Sauðárkróki. Vonandi geta sem flestir nýtt sér þetta starf sér til framdráttar. Eftir landsmótsárið hér á Sauðárkróki var aðstaða til íþróttaiðkunar að sumri orðin til fyrirmyndar. Aðeins vantar undirlag fyrir útikörfuknattleiksvöll hjá íþróttahúsinu. Þegar kemur að vetrarstarfinu snýst málið alveg við. Allar deildir eru sveltar á æfingatíma og hafa þurft að bíta um æfinga- og keppnistíma sín á milli og við aðra ótengda aðila. Ljóst er að knattspyrnudeild og frjálsíþróttadeild þurfa stærri sal yfir vetrartímann sem gæfi körfuknattleiksdeildinni meiri tíma í íþróttahúsinu. Sunddeildin þarf innisundlaug og skíðadeildin þarf reglulegar ferðir á milli skíðasvæðisins í Tindastóli og Sauðárkróks.

Enn er mikið starf óunnið.

Með ungmennafélagkveðju,

Gunnar Þór Gestsson

Formaður UMF Tindastóls.

## Íþróttasvæðið á Sauðárkróki

Fyrir tæpu ári síðan kynntum við framtíðarsýn okkar þar sem við hugsuðum um fjölnotahús, sundlauga- og skemmtigarð, aðstöðu fyrir íþróttir og hreyfingu og þjónustu þeim tengd. Hugmyndirnar gengu út frá því að menningarhús yrði reist á Flæðunum við hlið sundlaugarinnar. Okkar hugmyndir gerðu tilraun til að tengja Flæðarnar við skólasvæðið.


Í vor komu á fund aðalstjórnar fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Þeir kynntu okkur hugmyndir um að menningarhús yrði tengt Árskóla og byggt á syðsta vellinum á íþróttasvæðinu. Þeir óskuðu eftir viðbrögðum og tillögum frá okkur í framhaldi af þessari kynningu. Í sumar höfum við skoðað málið og ákváðum að skynsamlegt væri að skoða málið í heild alveg frá byrjun og skoða hvernig við sjáum íþróttasvæðið í framtíðinni.

Meðfylgjandi mynd er niðurstaðan okkar. Við tilgreinum ákveðin svæði fyrir æfingasvæði, keppnisvæði og byggingarreiti. Okkur fannst eðlilegt að horfa á skólasvæðið og umferð í þessu sambandi. Nánari skýringar á myndinni eru;

- Byggingarreitur fyrir íþróttahús er nægjanlega stór til að koma fyrir fjölnotahúsi með knattspyrnuvelli í fullri stærð ásamt hlaupa- og stökkbrautum.
- Byggingarreitur fyrir sundlaug hýsir bæði keppnis- og kennslulaug ásamt sundlauga- og skemmtigarði. Á þessu svæði sjáum við fyrir okkur þjónustu við golfvöll og tjaldstæði.
- Búningsklefa má samnýta með íþróttahúsum sem gerir okkur kleift að nýta hluta af aðstöðunni í gamla íþróttahúsinu eingöngu fyrir Árskóla.
- Ytri völlum á núverandi æfingasvæði verði stækkaður í löglega keppnisstærð og gert ráð fyrir að hann geti orðið gervigrasvöllur í framtíðinni.
- Nýtt æfingasvæði verði gert á Nöfunum fyrir ofan byggingarreit fyrir sundlaugina. Þetta svæði verði nógu stórt til að hafa sex knattspyrnuvelli í fullri stærð. Svæðið ætti því að duga félaginu sem framtíðarsvæði til æfinga og mótahalds.
- Nýtt tjaldstæði getur verið bæði í Grænuklauf og við Sauðárgil.
- Golfvöllur getur náð suður að nýja æfingasvæðinu og niður að Nöfunum.
- Ný akstursleið frá Hlíðarhverfi niður á Skagfirðingabraut. Leiðin liggur í stökk undir fjölnotahús og menningarhús og tengist hringtorgi á Skagfirðingabraut. Þetta gefur okkur möguleika á að endurskoða alveg umferðarmálin í kring um skólabyggingarnar og breyta núverandi bílastæði við Íþróttahús í leiksvæði fyrir börnin í Árskóla.

Við sjáum fyrir okkur að jarðvegurinn sem fjarlægja þarf úr Nöfunum verði nýttur í nýjan veg, jöfnunar á æfingasvæði og til að mynda landslag á Nöfunum til skjóls og skrauts. Tilvalið væri að hefja strax plöntun skjólgróðurs miðað við þetta skipulag.





**Ársreikningur aðalstjórnar**

Rekstrarreikningur	2008	2007
<b>Tekjur</b>		
Fjáröflun		
Lottó	1.022.655	662.945
Félagsgjöld	465.500	0
Önnur fjáröflun	0	0
	<b>1.488.155</b>	<b>662.945</b>
Styrkir		
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	11.575.200	9.646.000
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda	3.923.726	8.930.000
Svf. Skagafjörður, styrkur v. afborgunar láns	3.920.474	
Svf. Skagafjörður styrkur v. 17. júní	500.000	0
Kaupþing banki, Sauðárkróki	1.500.000	1.500.000
Kaupfélag Skagfirðinga	1.680.000	1.680.000
Styrkir vegna afmælishátíðar	0	2.750.000
Fjölnet hf.	402.154	148.003
	<b>23.501.554</b>	<b>24.654.003</b>
Vaxtatekjur og gengishagnaður	498.948	385.067
<b>Tekjur samtals</b>	<b>25.488.657</b>	<b>25.702.015</b>
Gjöld		
Íþróttahús, húsaleiga	11.575.200	9.646.000
Körfuknattleiksdeild	3.051.636	3.225.000
Knattspyrnudeild	3.321.636	2.105.000
Knattspyrnudeild, 3fl.	200.000	0
Sunddeild	1.020.328	370.000
Frjálsíþróttadeild	1.508.654	972.000
Skíðadeild	722.015	463.000
UMSS félagsgjöld	0	60.000
Kostnaður vegna afmælishátíðar	0	623.030
Stjórnunarkostnaður	685.766	222.667
Húsaleiga Víðigrund 5	204.000	180.000
Tölvukostnaður	402.154	148.003
	<b>22.691.389</b>	<b>18.014.700</b>
Vaxtagjöld, verðbætur og matsbreyting verðbréfa	5.978.778	2.170.900
<b>Gjöld samtals</b>	<b>28.670.167</b>	<b>20.185.600</b>
<b>Hagnaður /(tap) ársins</b>	<b>(3.181.510)</b>	<b>5.516.415</b>

**Ársreikningur aðalstjórnar**

Efnahagsreikningur	2008	2007
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir:		
Eignarhluti í Bifröst FM	1.912.000	1.820.000
Veltufjármunir:		
Kaupfélag Skagfirðinga	420.000	420.000
Verðbréf IS-15	619.089	4.111.893
Verðbréf, alþjóðlegur hlutabréfasjóður	867.830	1.107.962
Tékkareikningur 16366 í Kaupþing banka	494.002	8.788
Tékkareikningur 5763 í Kaupþing banka	1.167.717	3.086.643
Markaðsreikningur 301601	2.391.143	2.136.633
Sparisjóðsbók nr. 133217	12.337	11.648
Sparisjóðsbók nr. 14756	9.298	8.778
Gjaldeyrisreikningur nr. 400226	6.483	6.483
Gjaldeyrisreikningur nr. 301295	1.728	1.728
Tékkareikningur 3400 í Landsbanka Íslands	205	195
	<b>5.989.832</b>	<b>10.900.751</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>7.901.832</b>	<b>12.720.751</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	2.193.130	(3.516.285)
Endurmat ársins	92.000	193.000
Hagnaður (tap) ársins	(3.181.510)	5.516.415
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(896.380)</b>	<b>2.193.130</b>
Skuldir:		
Kaupþing banki skbr.nr. 014330	8.791.297	10.520.706
Lánadrottinnar	6.915	6.915
<b>Skuldir samtals</b>	<b>8.798.212</b>	<b>10.527.621</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>7.901.832</b>	<b>12.720.751</b>

## Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Aðalfundur knattspyrnudeildar var haldinn í janúar 2008. Þar var kynntur nýr formaður, Róbert Óttarsson, sem kom inn fyrri Vöndu Sigurgeirsdóttur sem ekki gaf kost á sér í áframhaldandi formanns setu. Þökkum við Vöndu fyrir góð störf fyrir félagið.

Nýja stjórn skipa: Róbert Óttarsson formaður, Skúli V. Jónsson varaformaður, Auður Aðalsteinsdóttir ritari, Hrafnhildur S. Pétursdóttir meðstjórnandi og meistaraflokksráð kvenna, Gaui meðstjórnandi, Ómar Bragi Stefánsson meðstjórnandi og meistaraflokksráð karla. Skúli Jónsson hélt áfram að starfa fyrir deildina sem framkvæmdarstjóri. Ómar Bragi hefur séð til þess að heimasíðan sé virk. Stjórnin þakkar þeim báðum fyrir vel unnin störf fyrir knattspyrnudeildina.

Yngri flokkar.

Mikið og spennandi starf hefur verið unnið í yngraflokkum á árinu. Reynt hefur verið að hafa fagfólk við þjáfun og hefur það gengið vel. Komið hafa af því starfi ný andlit ásamt því sem við höfum mátt þakka fyrir að flestir þjálfarar vildu halda áfram að starfa með okkur.

Þjálfarar voru eftirfarandi á liðnu tímabili: Jón Kristinn Skúlason, Vanda Sigurgeirsdóttir, Guðjón Jóhannsson, Arnar Skúli Atlason, Inga Jóna Sveinsdóttir, Ingvar Magnússon, Hrafnhildur Sonja Kristjánsdóttir, Halldór Sigurðsson, Hrafnhildur Guðnadóttir, Gísli Sigurðsson, Snorri Geir Snorrason, Inga Birna Friðjónsdóttir, ásamt aðstoðarfólki á vegum sumartím.

Vetrar starfið fór að vanda fram í íþróttahúsinu, reiðhöllinni og á sparkvellingum. Tímarnir sem knattspyrnudeild fær í íþróttahúsinu eru ekki eins og best verður ákosið, á tímum sem nýttast oft ekki nógu vel. Ljóst er að þessi aðstaða er deildinni ekki til framdráttar og hætta er á að okkar krakkar dragist aftur úr vegna þessa.

Sumarastaðan er aftur á móti er alveg frábær og fær Sigurbjörn vallarstjóri og hans fólki þakkir fyrir allt það starf sem þeir unnu á vellingum.

Sumarið gekk vel í góðu samstarfi við Sumartím. Halldór Sigurðsson (Donni) og Guðjón Örn Jóhannsson voru fengnir til þess að sjá um yngriflokka þjáfun Tindastóls, ásamt því að vinna með Ingu Jónu Sveinsdóttur og Arnari Skúla Atlasyni. Einnig var þeim ætlað að sjá um að undirbúa Landsbankamót og Króksmót. Guðjón varð forfallaður snemma sumars, vegna þeirra aðstæðna sem hann varð fyrir lögðust allir á eitt með að hjálpast að við að vinna þau verk sem þurfti að leysa. Það verður að minnast sérstaklega á Hrafnhildi Pétursdóttur sem vann einstaklega óeigingjarnt starf fyrir deildina sérstaklega í undirbúningi að Króksmóti.

3. flokkur karla fór til Árósa í Danmörku sl. sumar og tók liðið þátt í árlegu móti þar kjflkda. Náðið liðið einstökum árangri á mótinu. Enduðu þeir í 2 sæti á mótinu. Farastjórn var í höndum Halldórs Sig. þjálfara, Sigurður, Eiríkur og einhver???

Þetta var einungis hluti af því frábæra sumri sem 3 flokkur átti. Því þeir spiluðu til úrslita í Íslandsmótinu, en töpuðu í framlengingu fyrir Fimleikafélagi Hafnafjarðar (FH).

Einnig spilaði 3 fl. til úrslita í Visa-bikarnu á heimavelli gegn K.A. en þar unnu þeir leikin örugglega 4-0. Verður þetta að teljast vera einn besti árangur sem lið frá Sauðárkróki hefur náð.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla spilaði í 2. deild sl. sumar en kvennaliðið spilaði í 1. deild.

Þjálfarar sem voru ráðnir til að halda utan um þessa flokka voru:

Meistarafll. Kk.: Róbert Haraldsson

Meistarafli. Kv.: Guðjón Örn Jóhannsson, en síðar varð Róbert Haraldsson að leysa hann af. Helena Magnúsdóttir vann mikið og gott starf með báðum meistaraflokkunum bæði sem aðstoðarþjálfari og sem sjúkrapjálfari. Vill stjórnin þakka henni fyrir hennar störf.

Meistaraflokkur karla tók þátt í Powerade mótinu, deildarbikar, bikarkeppni og Íslandsmóti. Meistaraflokkur kvenna tók þátt í bikarkeppninni og Íslandsmótum. Auk þess spiluðu meistaraflokkarnir nokkra æfingaleiki á yfirstandi tímabili.

#### Árangur allar flokka

Árangurinn var misgóður eins og gefur að skilja. 3. Flokkur karla stóð uppúr þegar litið er yfir árangurinn á sl. tímabili. Þeir voru skærutu stjórnur okkar. Allir flokkar, þjálfarar, foreldrar og aðstandendur eiga hrós skilið því að Tindastóll er eitt fára liða á landsbyggðinni sem er með lið í öllum yngri flokkum á Íslandsmóti. Er þetta dæmi um það frábæra starf sem sem átt hefur sér stað undan farinn ár.

Var haldið í þá stefnu að reyna að spila nær eingöngu á heima mönnum og er það nokkuð sem gefið hefur góða raun. Væntum við þess í kannspyrnustórninni að því verði haldið áfram á komandi árum.

#### Króksmót

Króksmót var haldið helgina 9.-10. ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 1000 frá öllum landshornum. Allt mótið gekk vel fyrir sig en enn má bæta ýmisatriði þannig að gott verði betra.

Ómögulegt er að þakka öllum þeim aðilum sem að mótinu koma. Mikill vinna er unnin á baka við tjöldin. Stjórnin reyndi að skipurleggja eins margt og mikið og mögulegt var fyrir mót með því að auglýsa eftir sjálfboðaliðum, skipa í vinnuhópa, kalla á reynslubolta sem unnið hafa að mótunum áður ofl. Þrátt fyrir þetta þá er það nú samt þannig að Hrafnhildur Pétursdóttir hún kaus að nota sumarfríð sitt í það að skipurlegga mótið með minnisbókinni sem hún færir allt í frá fyrri mótum. Hennar framlag er ómetanlegt. Einnig unnu Skúli, Ómar, Róbert H, Gaui ofl. Ekki má gleyma framlagi þeirra foreldra sem að mótinu komu því þeirra starf er ómetanlegt. Einnig er vert að minnast á að Fisk-Seafood er aðalstyrktaraðili þessa móts eins og undanfarin ár, færum við þeim kærar þakkir fyrir. Þetta er mót sem er komið til að vera, en það má enn þá bæta mótið og að því er unnið.

#### Landsbankamót

Landsbankamótið var haldið helgina 28.-29. Júní. Ágætis þátttaka var á mótinu og hefur keppendum fjölgað á ári hverju. Það má segja að hérna sé áriðandi að vinna áram að því að fjölga keppendum á Landsbankamótinu.

Landsbankinn hefur verið aðalstyrktaraðili þessa móts síðastliðin ár og færum við honum bestu þakkir fyrir.

Það er eins með þetta mót eins og Króksmótið að það er mikil vinna unnin sem ekki er hægt að þakka nógu vel fyrir. Margir aðilar koma að þeirri vinnu og verður ekki gerð upptalning á öllu því fólki.

#### Fjármáli

Vinna við fjármál hefur tekið mikinn tíma eins og jafnan. Fjármálin voru í þokkalegu ástandi þegar árið byrjaði. Reynt var að sína aðhlad í fjármálunum. Fall á krónunni kom illa við okkur, hærra olíuverð kallaði á meiri kostnað. Samningar við leikmenn og þjálfara sem gerðir voru áður voru okkur kostnað samir. Er þetta nokkuð sem hefur verið endurskoðað og mun komandi ár vonandi ekki koma eins við okkur.

Landsbankinn var okkar stærsti styrktaraðili á árinu.

Sparisjóður Skagafjarðar jók við styrk sinn við fótboltadeildina, sérstaklega við kvennaflokkana.

Byrjað er að vinna í komandi tímabili að ýmsum veffangi. Eins og því að vinna með búningamál, þjálfaramálum ofl.

#### Önnur mál

Árleg jólatrésala var eins og venja en tekin var sú ákvörðun að reyna að hækka ekki verðið eins mikið og heildsalarnir, sem þýddi minni afkoma.

Róbert Haralds óskaði eftir því að hætta sem þjálfir hjá meistaraflokki í október af persónulegum ásæðum. Bjarki Már Árnason aðstoðarþjálfari tók við þjálfuninni.

Farið var í það í sumar að fá treyjur fyrir alla sem spila í 3 fl. og yngri. Tókst þetta einstaklega vel og mátti sjá krakka um allt í treyjum Tindastóls með nafn sitt á bakinu.

#### Lokaorð

Árið hefur verið nokkuð viðunandi 3. flokkur karla með sinn frábæra árangur.

Meistaraflokkarnir stóðu sig vel sérstaklega í ljósi þess að það eru heima menn sem bera uppi leikmannahópinn. Fjárhagsstaðn er að vanda erfið sér í lagi þar sem ekki er mikið um fjársterka styrktaraðila. Sumarmótin tókust vel og vonumst við til að þau muni haldast jafn stór þrátt fyrir allt.

Að lokum ber okkur að þakka öllum okkar fjölmörgu aðilum sem stutt hafa við rekstur deildarinnar á liðnu ári. Fisk-Seafood, Landsbankinn, Sparisjóður Skagafjarðar, Kaupfélagi Skagfirðinga, Sveitarfélaginu Skagafjörður, Kaupþing, Steinull, Ólafshús og fleiri.

f.h. Stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls

Róbert Óttarsson, formaður

**Ársreikningur knattspyrnudeildar**

Rekstrarreikningur	2008	2006-7
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag frá aðalstjórn	3.321.636	2.625.000
Fjárafnanir	3.512.000	4.624.086
Aðgangseyrir	371.035	237.500
Æfingagjöld yngri flokka	4.425.195	2.115.414
Króksmót	7.129.407	7.105.571
Landsbankamót	2.809.535	2.526.337
Vallarumsjón	0	0
Jólatréssala	1.054.415	1.155.000
Aðrar tekjur	1.537.622	1.050.125
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>24.160.845</b>	<b>21.439.033</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Rekstur skrifstofu	1.485.425	1.247.543
Meistaraflokkur karla	12.615.844	9.741.741
Yngri flokkar	5.686.647	5.154.467
Króksmót	2.694.390	2.312.335
Landsbankamót	1.440.954	631.816
Vallarumsjón	0	0
Jólatréssala	671.569	82.930
Annar kostnaður	222.893	642.752
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>24.817.722</b>	<b>19.813.584</b>
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsl.	-656.877	1.625.449
Afskriftir	-88.887	-341.438
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	30.129	48.127
Vaxtagjöld	253.932	266.705
Fjármagnsliðir samtals	-223.803	-218.578
<b>Hagnaður/-tap tímabilsins</b>	<b>-969.567</b>	<b>1.065.433</b>

**Ársreikningur knattspyrnudeildar**

Efnahagsreikningur	2008	2007
<b>Eignir</b>		
Bankareikningar	954.232	604.973
Viðskiptakröfur		443.587
Óinnheimt æfingagjöld	0	37.000
Búningar	1.593.061	190.191
Stúka	1.438.655	1.528.571
Sjónvarp	0	0
Tölva	0	0
	3.985.948	2.804.322
<b>Eignir alls</b>	<b>3.985.948</b>	<b>2.804.322</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	3.631.665	1.480.472
Launaskuldir	0	0
Tékkareikningar	0	0
Næsta árs afb.	0	0
Áf. vextir á láni	0	0
	3.631.665	1.480.472
<b>Langtímaskuldir</b>		
	0	0
<b>Skuldir alls</b>	<b>3.631.665</b>	<b>1.480.472</b>
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé í byrjun tímabils	1.323.850	258.417
Hagnaður/-tap tímabilsins	-969.567	1.065.433
Eigið fé í lok tímabils	354.283	1.323.850
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>3.985.948</b>	<b>2.804.322</b>



## Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Ágætu félagar!

Eins og venja er förum við í fáum orðum yfir árið og keppnistímabilið sem nú er liðið.

Starf deildarinnar hefur verið í föstum skorðum í allnokkur ár og lítið um breytingar. Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Halldór Halldórsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson, Jóhann Ingólfsson, Jóhann Sigmarsson og Viggó Jónsson.

Ekki varð nokkur breyting á helsta starfi stjórnarinnar sem líkt og endranær fólst aðallega í að sinna fjárhagnum og reyna að láta enda ná saman. Af gömlum vana þykir mér rétt að nefna að endalaus vinna við að afla fjár kemur niður á öðrum þáttum í starfi deildarinnar og stendur í vegi fyrir því að fólk gefi sig í starf fyrir deildina.

Eins og lesa má í ársreikningi tókst ágætlega til við rekstur deildarinnar á síðasta tímabili þannig að nokkur afgangur varð af rekstrinum eða rúmlega 350.000 krónur sem er vel ásættanlegt. Í dag má segja að deildin sé nánast skuldlaus ef frá er skilin skuld við

Merkisbræður sf. en stefnt er að því að með tíð og tíma verði skuld þessi greidd með vinnu þ.a. ekki ætti að koma til mikilla fjárufláta vegna þessa. Sem endranær ber að þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur á síðasta tímabili. Þá hefur sveitarfélagið stutt við bakið á okkur af myndarbrag. Nú er þarf að gæta þess að deildin verði áfram rekin án taps því ella er voðinn vís eins og menn þekkja frá fyrri tímum.

Eins og kunnugt er hefur deildin átt og rekið rútu um nokkurt skeið. Reksturinn hefur gengið vel og sýnt að með þessum hætti sparast nokkurt fé við ferðalög. Það er forsenda fyrir rekstrinum að okkur hefur tekist að fá fyrirtæki til að styrkja okkur við reksturinn með vinnu og gjöf á varahlutum og þess háttar. Líkt og endranær var unnið allnokkuð við fjáraflanir og þær fjölbreyttar að vanda.

Nokkur orð um árangur félagsins á vellinum.

Af meistaraflokki karla er það að segja, að Kristinn Friðriksson var líkt og undanfarin ár þjálfari liðsins. Leikmannamál voru óljós fram eftir sumri en úr rættist eins og jafnan en við hefðum vissulega viljað fá fleiri leikmenn til liðs við okkur en það tókst ekki. Þó undarlegt megi virðast þá er mjög erfitt að fá frambærilega íslenska leikmenn til að koma hingað á Krók í þeim tilgangi að spila körfubolta. Hitt er svo allt annað mál og snúnara hvort ástæða sé yfir höfuð til þess að fá hingað aðkomumenn til að spila körfubolta. Áður hefur komið fram í ársskýrslu að menn geti velt því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að fá hingað aðkomumenn í stað þess að nota eingöngu heimamenn. Hvað slíkt myndi hafa í för með sér er erfitt að segja til um en þó er ljóst að liðið yrði ekki áfram í efstu deild. Hingað til hefur það verið mat stjórnar að nokkuð sé á sig leggjandi til að halda liðinu meðal þeirra bestu. Hvort vilji verður til þess áfram verður einfaldlega að koma í ljós. Markmið vetrarins var einkum að halda sæti liðsins í efstu deild og tókst það.

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í 1. deild í vetur og stóðu sig ágætlega. Nú er hafið átak í málefnum stúlkna hjá deildinni eins og fram kemur í skýrslu unglíngaráðs og vonum við að það skili árangri með tíð og tíma.

Um starf og árangur yngri flokka má vísa til nefndrar skýrslu unglíngaráðs.

Í skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár var vikið að því að deildin hefur árum saman fengið of fáa tíma til ráðstöfunar í Íþróttahúsinu hér í bæ. Ekki batnaði ástandið í þessum málum á liðnu tímabili. Þvert á mót virðist sem undan halli. Íþróttahúsið er notað meira og meira undir samkomur sem ekki tengjast íþróttum og þá eru tímar felldir niður jafnvel heilu helgarnar. Ef til þess er ætlast að lið héðan nái árangri í körfubolta þá verðum við að fá fleiri tíma í Íþróttahúsinu en okkar lið æfa mun minna en önnur lið sem vilja ná árangri. Þá er full ástæða til að æfa meira utan keppnistímabils en gert hefur verið. Vonandi verður af byggingu

körfuboltavallar við Árskóla eins og stefnt hefur verið að en slíkur völlum, gerður í samræmi við kröfur nútímans, myndi auka mikið við aðstöðuna og iðkun körfubolta hér í bæ.

Körfuknattleiksdeild Tindastóls varð fyrst deilda og íþróttafélaga í Skagafirði til að hljóta viðurkenningu sem „Fyrirmyndafélag ÍSÍ” og fengum við viðurkenningu fyrir þetta á ársþingi UMSS í febrúar á síðasta ári.

Loks ber að þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á einhvern hátt hvort sem það var gert með fjárframlögum, vinnuframlagi eða bara hvatningu á kappleikjum. en þrátt fyrir að mér þyki sem of fáir leggi hönd á plóg þá er það svo að við eigum víða

Með íþróttakveðju,

F. h. körfuknattleiksdeildar, Halldór Halldórsson.

**Ársreikningur körfuknattleiksdeildar - Aðalstjórn**

Rekstrarreikningur 01.07.2007 - 30.06.2008

2008

2007

**Rekstrartekjur**

Aðgangseyrir	894.354	826.574
Æfingagjöld	0	1.579.000
Fjáraflanir	3.282.657	2.869.263
Auglýsingar og styrkir	9.793.576	7.170.422
Tekjur vegna bifreiðar	1.088.001	1.512.170
	<b>15.058.588</b>	<b>13.957.429</b>

**Rekstrargjöld**

Laun- og launatengd gjöld	6.551.528	4.739.975
Þjálfunarkostnaður yngri flokka	0	1.767.000
Húsnæðiskostnaður	710.000	680.082
Ferðakostnaður	3.088.752	2.128.661
Gjöld til KKÍ og dómara	1.468.257	977.285
Búningakaup yngri flokka	0	514.124
Sjúkrakostnaður	35.346	83.393
Auglýsingar og prentun	23.890	76.092
Rekstur bifr. RK-587	1.102.267	1.378.469
Afskrift bifreiðar	126.480	223.200
Annar kostnaður	1.602.166	590.429
	<b>14.708.686</b>	<b>13.158.710</b>

Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða

349.902

798.719

Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur	6.996	4.627
Vaxtagjöld	-163.234	-266.443
	-156.238	-261.816

**Niðurstaða ársins****193.664****536.903**

**Ársreikningur körfuknattleiksdeildar - Aðalstjórn**

Efnahagsreikningur 01.07.2007 - 30.06.2008

2008

2007

**Eignir**

## Veltufjármunir

Bankainnistæður

13.990

217.654

Veltufjármunir samtals:

13.990

217.654

## Áhöld og tæki

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Bifreiðin RK-587

1.138.320

1.264.800

Fastafjármunir samtals:

1.138.320

1.264.800

**Eignir samtals:****1.152.310****1.482.454****Skuldir og eigið fé**

## Skammtímaskuldir

Yfirdráttur á tékkareikningi

400.673

56.164

Viðskiptaskuldir

915.118

1.142.087

Lýsing v/bifreiðar

636.826

1.200.013

Ógreitt vegna verksamninga og launat.gj.

0

78.161

**1.952.617****2.476.425**

## Eigið fé

Flutt frá fyrra ári

-993.971

-1.530.874

Niðurstaða ársins

193.664

536.903

**-800.307****-993.971****Skuldir og eigið fé samtals****1.152.310****1.482.454**

**Ársreikningur körfuknattleiksdeildar - Unglingaráð**

Rekstrarreikningur 01.07.2007 - 30.06.2008	2008	2007
<b>Rekstrartekjur</b>		
Æfingagjöld	2.164.093	0
Fjáraflanir	218.147	0
Auglýsingar og styrkir	1.586.900	0
	<b>3.969.140</b>	<b>0</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun- og launatengd gjöld	2.398.000	0
Ferðakostnaður	48.626	0
Dómarakostnaður	53.750	0
Búningakaup yngri flokka	118.399	0
Sjúkrakostnaður	0	0
Auglýsingar og prentun	32.530	0
Annar kostnaður	151.779	0
	<b>2.803.084</b>	<b>0</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða</b>	<b>1.166.056</b>	<b>0</b>
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	2.175	0
Vaxtagjöld	-1.725	0
	450	0
<b>Niðurstaða ársins</b>	<b>1.166.506</b>	<b>0</b>

**Ársreikningur körfuknattleiksdeildar - Unglingaráð**

Efnahagsreikningur 01.07.2007 - 30.06.2008

2008

2007

**Eignir**

Veltufjármunir

Bankainnistæður

1.166.506

0

Veltufjármunir samtals:

1.166.506

0

Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir

0

0

Fastafjármunir samtals:

0

0

**Eignir samtals:****1.166.506****0**

Skuldir og eigið fé

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir

0

0

**0****0**

Eigið fé

Flutt frá fyrra ári

0

0

Niðurstaða ársins

1.166.506

0

**1.166.506****0****Skuldir og eigið fé samtals****1.166.506****0**

## Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Frjálsíþróttadeild Tindastóls hefur ávallt kappkostað að hafa góða þjálfara í sínum röðum og er árið 2008 engin undantekning þar á. Aðalþjálfari deildarinnar er sem fyrr Gunnar Sigurðsson og hefur hann sér til aðstoðar Ragnísi Hilmarsdóttur og Herdísi Sigurðardóttur ásamt því sem eldri iðkendur hafa aðstoðað þegar þarf.

Við viljum færa þessu fólki sérstakar þakkir fyrir frábær störf í þágu deildarinnar því án þeirra starfa og þekkingar væri þetta allt erfiðara.

Aðaláhersla hefur verið sem fyrr lögð á barna og unglíngastarf og hefur það gengið mjög vel, enda annað ekki hægt þegar gleði og áhuga er blandað saman í starfinu og

þarfir íþróttafólksins hafðar að leiðarljósi.

Mikil áhersla hefur einnig verið lögð á félagslega þáttinn og margt skemmtilegt hefur verið gert á árinu svo sem sumarbústaðaferðir, sveitaferðir, æfingamót og fjallgöngur ásamt mörgu öðru hefðbundnu.

Okkar iðkendur hafa farið á fjölmörg mót á árinu og var árangurinn frábær hjá þeim og uppskeran fjöldi verðlauna og íslandsmeistaratitlar í mörgum aldurshópum.

Hæst ber þó að nefna Íslandsmet Lindu Bjarkar Valbjörnsdóttur í 300m grindahlaupi sem hún setti á Heimsleikum unglínga í Gautaborg þar sem hún hljóp á tímanum 44.32 sek.

Við getum verið stolt af okkar góða frjálsíþróttafólki sem er í hópi þeirra bestu hér á landi eins og árangrar sýna svo ekki verður um villst.

Við viljum einnig koma fram þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem eru að vinna óeigingjörn störf fyrir deildin því án þessa fólks þá gæti þessi rekstur ekki gengið því fjárframlög til deildarinnar eru vægast sagt af skornum skammti.

Björn Jónsson

Formaður frjálsíþróttadeildar Tindastóls.

**Ársreikningur frjálssípróttadeildar**

Rekstrarreikningur	2008	2007
<b>Tekjur</b>		
Æfingagjöld	999.980	606.000
Styrkir frá aðastjórn	1.508.654	972.000
Styrkir og fjáraflanir vegna utanlandsferðar	0	252.000
Fjáraflanir	1.111.000	1.270.500
Tekjur vegna haldinna móta	466.762	132.170
Vaxtatekjur	191.123	48.000
	<b>4.277.519</b>	<b>3.280.670</b>
<b>Gjöld</b>		
Kostnaður vegna þjálfunar	3.046.500	2.507.613
Kostnaður vegna utanlandsferðar	0	235.581
Mótahald	165.351	45.268
Ferðakostnaður	104.000	313.869
Auglýsingar	38.659	32.089
Annar kostnaður	61.664	86.295
Vaxtagjöld	91.328	24.554
	<b>3.507.502</b>	<b>3.245.269</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>770.017</b>	<b>35.401</b>



**Ársreikningur frjálsíþróttadeildar**

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

2008

2007

**Eignir**

Veltufjármunir:

Viðskiptakröfur

0

150.000

Aðrar skammtímakröfur

4.704

4.704

Handbært fé

1.750.047

766.658

**Eignir samtals****1.754.751****921.362****Eigið fé og skuldir**

Eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári

829.340

793.939

Hagnaður ársins

770.017

35.401

**Eigið fé samtals****1.599.357****829.340**

Skuldir:

Ýmsar skammtímaskuldir

155.394

92.022

**Skuldir samtals****155.394****92.022****Eigið fé og skuldir samtals****1.754.751****921.362**

## Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Ný stjórn var kosin á aðalfundi deildarinnar 19. febrúar 2008. Af fyrri stjórn sátu áfram Jón Ingi Sigurðsson formaður, Snorri Styrkársson gjaldkeri og Hrönn Guðjónsdóttir ritari. Jón Þór Jósefsson og Jóna Hjaltadóttir komu ný inn í stjórn, en þau Bryndís Aðalsteinsdóttir og Valgeir Kárason gengu úr stjórninni. Fundir voru reglulega haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði.

Starfsemi deildarinnar:

Þjálfarar deildarinnar fyrri hluta ársins voru þau Heiða Björk Jóhannsdóttir, Erla Hrund Þórarinsdóttir og Fannar Arnarsson. Eftir gott sumarfrí og mikla þjálfaraleit var gerður samningur um sundþjálfun við menntaðan og reyndan þjálfara, Lindu Björk Ólafsdóttur og hóf hún störf hjá deildinni 20. ágúst 2008.

Alls voru 7 mót sótt á vegum deildarinnar árið 2008, þar af 4 utan Sauðárkróks. 15. – 17. febrúar var farið á Gullmót KR. í Reykjavík, Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið hér á Sauðárkróki 30. Apríl, farið var á Akranesleikana á Akranesi 6. – 8. Júní, Héraðsmót UMSS var haldið hér á Sauðárkróki 17. Júní, þann 11. október var farið á Æskusundmótið í Borgarnesi, 1. nóvember var Unglingamót UMSS haldið hér á Sauðárkróki og í desember var farið á Desembermót Óðins á Akureyri. Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu 2008. Samið var við Kaupþing og Skýrr um gluggaþvott að Faxatorg 1. Deildin sá um slátt og hirðingu á lóð Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki. Trjágróður við Vegagerðina var klipptur og snyrtur. Farið var í tvær flöskusafnanir. Haldinn var kökubasar í andyri Skagfirðingabúðar, félagar í sunddeildinni sáu um tvær þrautabrautir á íþróttavellinum á 17. Júní og seldir voru geisladiskar og krakkarnir syntu hið árlega fimmkrónu áheitasund í nóvember.

Það sem ber hæst í starfsemi deildarinnar á árinu 2008 er án efa æfinga og skemmtiferðin til Benidorm á Spáni sem farin var 4 – 11 september. Í þá ferð fóru 34 einstaklingar þ.a. 17 sundmenn, Linda Björk þjálfari og 16 fylgdarmenn. Á Benidorm var farið á tvær sundæfingar og eina þrekæfingu. Farið var í Vatnsrennibrautargarð, Tívolígarð og Sædýragarð svo eitthvað sé nefnt. Var þessi ferð í alla staði mjög vel heppnuð og hin ánægjulegasta. Viljum við hér með færa Landsbankanum bestu þakkir, en bankinn gaf öllum sem fóru í ferðina veglegan bakpoka. Einnig viljum við færa Sparisjóðnum bestu þakkir en bankinn gaf sunddeildinni 60.000 kr. sem nýttust vel sem inngangseyrir í skemmtigarðana á Benidorm.

Á uppskeruhátíð deildarinnar fyrir árið 2007, sem haldin var í Ólafshúsi 13. febrúar 2008 voru viðurkenningar veittar, Steinunn Snorradóttir fékk viðurkenningu sem sundmaður deildarinnar, Hjalti Arnarsson fékk viðurkenningu fyrir tæknilegar framfarir, Jóhannes Friðrik Ingimundarson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Fríða Rún Jónsdóttir fékk viðurkenningu fyrir þróðmennsku. Auk þess var öllum sundiðkendunum færð sundgleraugu að gjöf frá deildinni. Deildin tilfnefndi Hjalta Arnarsson og Fríðu Rún Jónsdóttur sem unga og efnilega sundmenn til UMSS auk Steinunnar Snorradóttur til íþróttamanns ársins.

Á uppskeruhátíð deildarinnar fyrir árið 2008, sem haldin var í Ólafshúsi 28. janúar 2009 voru viðurkenningar veittar, Steinunn Snorradóttir fékk viðurkenningu sem sundmaður

deildarinnar, Fríða Rún Jónsdóttir fékk viðurkenningu fyrir tæknilegar framfarir, Jóhannes Friðrik Ingimundarson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Eva Margrét Hrólfsdóttir fékk viðurkenningu fyrir þrúðmennsku. Auk þess var öllum sundiðkendunum færð merkt handklæði að gjöf frá deildinni. Deildin tilnefndi Sunnevu Jónsdóttur og Hjalta Arnarsson sem unga og efnilega sundmenn til UMSS auk Steinunnar Snorradóttur til íþróttamanns ársins.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2008.

Sauðárkróki, febrúar 2009  
Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Jón Ingi Sigurðsson  
Snorri Styrkársson  
Hrönn Guðjónsdóttir  
Jóna Hjaltadóttir  
Jón Þór Jósepsson

**Ársreikningur sunddeildar**

Rekstrarreikningur	2008	2007
<b>Tekjur</b>		
Æfingagjöld	462.898	411.337
Styrkur frá UMFT	698.492	370.000
Styrkir og fjáröflun	306.986	64.318
Túkallasund	290.376	283.136
Vaxtatekjur	39.971	19.892
Annað	89.950	93.000
<b>Samtals tekjur</b>	<b>1.888.673</b>	<b>1.241.683</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd	818.553	466.278
Auglýsingar og prentun	31.342	26.055
Verðlaun	9.000	12.700
Þátttökugj.	107.050	126.350
Ferða og fæðisk.	152.775	112.952
Félagsgjöld	69.250	116.830
Annar kostn.	44.035	175.530
Vaxta og þjónustugj.	9.881	22.002
<b>Samtals gjöld</b>	<b>1.241.886</b>	<b>1.058.697</b>
<b>Hagnaður / tap ársins</b>	<b>646.787</b>	<b>182.986</b>

**Ársreikningur sunddeildar**

Efnahagsreikningur	2008	2007
<b>Eignir</b>		
Bankainnistæður		
Tékkareikningur Nýi Kaupþing banki	1.510.745	654.465
	<b>1.510.745</b>	<b>654.465</b>
Viðskiptakröfur		
Óinnheimt æfingagjöld	50.300	45.792
Óinnheimt v/túkallasunds	0	113.470
	<b>50.300</b>	<b>159.262</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.561.045</b>	<b>813.727</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
Skuldir		
Laun og launatengd gjöld	147.500	36.439
Ýmislegt ógreitt	21.900	32.430
	<b>169.400</b>	<b>68.869</b>
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	744.858	561.872
Hagnaður / tap ársins	646.787	182.986
	<b>1.391.645</b>	<b>744.858</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>1.561.045</b>	<b>813.727</b>
Ferðasjóður - utan efnahagsreiknings:		
Staða í ársbyrjun	411.216	296.870
Söfnun á árinu	1.041.293	113.040
Fjármagnstekjur	84.385	26.306
Ráðstöfun ársins	-1.192.724	-25.000
Staða í árslok	344.170	411.216

## **Skýrsla stjórnar skíðadeildar**

**Ársreikningur skíðadeildar**

Rekstrarreikningur 1.9.2007 - 31.8.2008

2008

2007

**Tekjur**

Auglýsingar á dagatali	637.495	490.500
Auglýsingar á skiltum	75.000	150.000
Tekjur af skíðasvæði	6.478.120	1.989.100
Styrkur frá Skagafirði v/10 ára samn.	9.937.898	9.767.222
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	1.912.815	1.527.661
Tindastóll	776.157	517.500
Vinna v/jólaskreytinga	250.000	250.000
Ýmsir styrkir	600.000	850.000
Vaxtatekjur	376.977	258.678
<b>Tekjur samtals</b>	<b>21.044.462</b>	<b>15.800.661</b>

**Gjöld**

Leiga á skíðalandi	47.522	44.916
Fasteignagjöld	191.912	157.549
Laun og launatengd gjöld.	3.959.003	4.950.243
Þjálfaralaun og launatengd gjöld	435.961	0
Rafmagn	591.592	483.900
Skíðasamband Íslands	22.400	26.000
Heilbrigðisgjald	4.369	4.369
Viðhaldskostnaður	1.948.106	1.262.550
Olíur og eldsneyti	1.118.002	1.118.603
Tryggingar	374.806	288.198
Skoðunargjöld	35.596	27.552
Sími	103.607	77.896
Námskeið	28.310	0
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	264.708	304.268
Ferðakostnaður	76.070	100.000
Verðlaunapeningar, bikarar	12.800	18.100
Félagsgj. Samtök Skíðasvæða	10.000	0
Keppnisgjöld	91.950	62.500
<b>Gjöld samtals</b>	<b>9.316.714</b>	<b>8.926.644</b>

Hagnaður (- tap) fyrir afskr. fjármgj. & styrki frá Skr.bæ.	(122.965 )	(4.420.866 )
---	------------	--------------

Fjármagnsgjöld	4.841.502	1.870.456
Afksriftir	2.459.540	2.660.057

<b>Hagnaður ( - tap ) ársins</b>	<b>4.426.706</b>	<b>2.343.504</b>
----------------------------------	------------------	------------------

**Ársreikningur skíðadeildar**

Efnahagsreikningur	2008	2007
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir		
Kaupþing banki 301268	2.827	2.263.671
Kaupþing banki 15475	0	673.887
Landsbanki Íslands	149.122	0
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	8.825	7.449
	<b>160.774</b>	<b>2.945.007</b>
Fastafjármunir		
Greidd leiga til Torfa, afskr. 5% pa	1.422.001	1.496.843
Skíðaskáli, afskr. 5% pa.	1.158.116	1.219.069
Skíðasvæðið, afskr. 8% pa.	36.125.474	29.046.809
	<b>38.705.590</b>	<b>31.762.721</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>38.866.364</b>	<b>34.707.728</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
Skuldir		
Byggðastofnun, 700497	12.663.918	16.886.598
Áfallnir vextir af 700497	810.139	1.080.273
Kaupfélag Skagfirðinga	14.597	136.856
Landsbanki Íslands, 610519	4.144.312	0
Kaupþing banki 15475	466.693	0
Fasteignagjöld	0	22.506
Launatengd gjöld	0	241.496
	<b>18.099.659</b>	<b>18.367.729</b>
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	16.339.999	13.996.495
Hagnaður (- tap) ársins	4.426.706	2.343.504
<b>Skuldir &amp; eigið fé alls</b>	<b>38.866.364</b>	<b>34.707.728</b>



## Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

### Númer í sjóðaskrá 1246

Rekstrarreikningur	2008	2007
<b>Tekjur</b>		
Opinber framlög		
Styrkir og gjafir	35.200	17.550
Tekjur af rekstri		
Tekjur af fasteignum		
Aðrar tekjur		
<b>Tekjur samtals</b>	<b>35.200</b>	<b>17.550</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	100.000	50.000
Kostnaður v/fasteigna		
Annar rekstrarkostnaður		
Annar kostnaður	42.560	
Afskriftir fastafjármuna		
<b>Gjöld samtals</b>	<b>142.560</b>	<b>50.000</b>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(107.360)	(32.450)
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	552.682	268.105
Vaxtagjöld og verðbætur		
Fjármagnstekjuskattur	(55.268)	(26.810)
Tekjur/gjöld vegna verðlagsbreytinga		
<b>Fjárm.liðir samtals</b>	<b>497.414</b>	<b>241.295</b>
<b>Niðurstaða rekstrar</b>	<b>390.054</b>	<b>208.845</b>

## Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

### Númer í sjóðaskrá 1246

Efnahagsreikningur 2008 2007

#### Eignir

##### Veltufjármunir

Skammtíma kröfur

Aðrir veltufjármunir

Bankainnstæður og sjóðir

2.713.690 2.323.636

Veltufjármunir samtals

2.713.690 2.323.636

**Eignir alls**

**2.713.690 2.323.636**

#### Skuldir og eigið fé

##### Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun

2.323.636 2.114.791

Tekjur umfram gjöld

390.054 208.845

Eigið fé samtals

2.713.690 2.323.636

**Skuldir og eigið fé alls**

**2.713.690 2.323.636**